
Rýmisverk

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

INNSETNING

Jónína Guðnadóttir. Opið frá kl. 10–18 alla daga. Til 16. febrúar. Aðgangur 300 krónur.



HLEÐSLA, leir og gler, 1997.

INNSETNING í rými, er það sem mest er áberandi á í núlistum tímanna og á allra síðustu árum eru hvers konar sviðsmyndir, leikrænir tilburðir, hljóð sem óhljóð inni í myndinni. Listaskólar eru einnig undirlagðir þessum faraldri og þar þykir víst enginn maður með mönnum nema að vera á þennan afmarkaða hátt virkur í núinu. Frumleikinn orðinn að hópefli, jafnt iðkaður í Sydney og Seattle, Melbourne sem Manhattan og á öllum áfangastöðum heimslistarinnar þar á milli.

Að sjálfsögðu eru þessi vísindi fullgild, hafa verið það í árþúsundir og af sjálfri náttúrunni frá upphafi vega, þetta sjáum við allt um kring og í víðara samhengi á náttúrusögusöfnum. Maðurinn hefur svo lagað sig að þessum lögmálum náttúrunnar og átti ekki aðra úrkosti vildi hann lifa af.

Þaulhugsuð og hnitmiðuð innsetning í rými í myndlistum nútímans telst ósköp eðlilegt ferli og hefur lengi verið, þótt hugtakið væri lengi ekki til sem afmarkað stílheiti. Á einn veg svipað og að bakhluti myndverka hefur alltaf verið til, þótt stutt sé síðan menn fóru að gera þá að aðalatriðum sköpunarferlisins í fullri alvöru, einnig sýna okkur innhverfuna í höggmyndum, eða hluta þær niður. Í ranghverfunum eru fortakslaust falin ákveðin fegurðargildi, sem styrkja má með ýmsum tegundum hugmyndafræði.

Undanfari innsetninga, hugtaksins „Installation“ , má vera sú árátta, sem var mjög áberandi á tímum strangflatarlistarinnar, að telja upphengingu myndverkanna jafnvel mikilvægari því sem til sýnis var, sem seinna náði hámarki í hugmyndafræði áttunda áratugarins er listamenn voru farnir að bjóða fólki í auða sýningarsalina. Mótunarlega hliðin vill oftar en ekki gleymast er svo er komið, einkum hjá þeim sem hafa hvorki tileinkað sér hana né kæra sig um það. Innsæi á sköpunarsöguna er svo harla óburðugt hjá þeim sem aldrei hafa þreifað á henni né upplifað, þekkja ekki önnur söfn og listhús en að rétttrúnaði þeirra snýr.

Jónína Guðnadóttir hefur lengi verið í fremstu röð framsækinna leirlistamanna hér á landi og jafnframt telst hún brautryðjandi nýsköpunar í faginu. Það kom í hennar hlut að byggja upp og þróa leirlistadeild MHÍ í lok sjöunda áratugarins og þótt aðrir hafi verið löngu á undan henni á vettvanginum var þetta í fyrsta skipti sem hafist var handa um markaða kennslu í faginu, sem hafði mun meira menntunarlegt gildi og víðtækari áhrif á þróunina en afmörkuð vinna á verkstæðum áður.

Mótunarlega undirstaðan var í besta lagi hjá Jónínu, sem lagði út af ýmsum stílfærðum hlutum notagildis, á stundum þannig að þeir voru jafn mikið og engu síður sjálfstæð listaverk. Hér skapaði hún sér markverðan stíl, eðlilega undir áhrifum meistara sinna og núviðhorfa ytra, jafnframt voru náttúrutengslin auðsæ.

Jónína hefur svo í áranna rás í vaxandi mæli fjarlægst notagildið til hags fyrir beinar vísanir til náttúrunnar og telst þetta alveg í samræmi við viðhorfin sem hún lagði út af í upphafi. Á þeim árum var allt svo nýtt og ferskt, sviðið mun þrengra en í dag, þótt stutt væri í umbyltingarnar sem gerðu ögrandi rótækni að almenningi að segja má. Er nýviðhorfin flæddu yfir hefur listakonunni að sjálfsögðu verið í mun að halda sínu striki vera á miðjum orrustuvellinum. Nú misreiknuðu menn sig, umbyltingarnar voru of hraðar, og í dag er komið afturhvarf til fyrri gilda, því nýungarnar felast ekki endilega í breytingunum einum, heldur sjálfri lifuninni, að endurnýja sig í hverju verki. Hin mesta list er falin í því að höndla ferskleikann.

Nú er stílað á sjálft mótunargildi hlutarins hvort sem hann hafi notagildi eða ekki og sé það ekki til staðar verður allt svo gamalt og lúið hversu nýtískulegt sem það kann nú annars að vera. Á sama hátt verður góð hugmyndalist, endurtekin í síbylju, útjöskuð fyrr en varir.

Tengirými Kjarvalsstaða er í sinni núverandi mynd afar erfitt og býður ekki upp á mikla valkosti nema með mikilli nýsmíði og tilfæringum svipað og fram kom á sýningu Kristínar Gunnlaugsdóttur. Hins vegar nýtur það sín með ljóðatextum og eru mér þá efst í hug ljóð Hannesar Péturssonar, sem afar áhrifaríkt var að lifa sig inn í á staðnum.

Að þessu sinni hefur trauðla tekist að gera rýmið að þátttakanda í innsetningunni, þannig njóta flest verkanna sín best í beinni nálægð við hvert og eitt. Að minni hyggju hefðu þau notið sín mun betur ef áhersla hefði verið lögð á að draga fram formrænt eðli hvers og eins. Hin formræna og mótunarlega hugsun er í þannig góðu gengi en víðátta tengirýmisins og sjálft umhverfið vilja hversdagsgera verkin, kæfa þau, að ekki sé talað um sólarljósið og hið hættulega mótljós í dagsbirtu.

Þá þarfnast verkin skýringar, sem liggur ekki í augum uppi fyrir hinn almenna sýningargest, en hér er skilvirkur og hlutlægur formáli Eiríks Þorlákssonar mikilsverð viðbót.

Bragi Ásgeirsson



ATRIÐI Leikfélags Menntaskólans í Kópavogi úr leikritinu „Á svið!“. Leikendur eru; Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Hreiðar Oddsson, Vignir Rafn Valþórsson, Lárus Axel Sigurjónsson og Kristín María Birgisdóttir.

Grín gert að leikhúsinu

LEIKLIST

Félagsheimili Kópavogs

LEIKFÉLAG MENNTASKÓLANS Í KÓPAVOGI

„Á svið!“ eftir Rick Abbot. Þýð. Guðjón Ólafsson. Leikstj. Stefán Sturla Sigurgrjónsson. Leikarar: Birgir Páll Auðunsson, Hulda Guðnadóttir, Hreiðar Oddson, Kristín Jórunn Magnúsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Lárus Axel Sigurjónsson, Vignir Rafn Valþórsson, Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Kjartan Júlíus Einarsson og Sigríður Vilhjálmsdóttir.

LEIKÁR framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu er hafið. Það hófst á föstudaginn þegar nýnefnt Leikfélag Menntaskólans í Kópavogi, Sauðkindin, setti á svið Á svið eftir Rick Abbot.

Verkið er um áhugaleikfélag, miður hæfileikaríkt, og því síður samhent, sem setur á svið sakamálaleikritið „Hið fúla fólskumorð“. Ekki beint frumlegur söguþráður en svo vel er farið með hann að útkoman er virkilega góður farsi.

Gert er stólpagrín að hinum svokölluðu klassísku sakamálaleikritum, bæði að uppbyggingu þeirra og innihaldi, en það er spurning hvort grínið endi þar. Kannski var leikhússtarf allt skotmark þess.

Leikarar stóðu sig allir nokkuð vel en það var Stefán Sturla Sigurjónsson sem stýrði þeim af öryggi. Samt hefði aðeins mátt fara betur í raddbeitingu, einkum kvenfólksins. Vignir Rafn Valþórsson fór vel með hlutverk Villa Karlssonar, sérstaklega þegar sá síðarnefndi mætti blindfullur á frumsýningu. Samleikur Villa og Fjólu Ingimarsdóttur (Jónína Björk Vilhjálmsdóttir) í ástaratriðinu, en slík atriði eru einmitt feykilega mikilvæg í leikritum eins- og Hinu fúla fólskumorði, burtséð frá því hvort þau þjóni söguþræðinum eitthvað, var eitt allsherjar klúður í „innra“ leikritinu (ef svo má að orði komast), en mjög góður annars. Hvorugt þeirra fór út í einhverja oftúlkun svo útkoman varð einsog hún átti að vera, hálffáránlegir tilburðir tveggja leikara sem áttu ekkert í hlutverk sín. Þegar leikfélag ákveður að taka leikrit sem þetta, sem gerir grín að öðrum leikritum og því fólki sem við þau vinna, verður það að minnast grjótsins og glerhússins. Það eru aðeins færustu leikfélög, með mikið sjálfstraust, sem geta það án þess að verða hláleg í tilraun sinni að vera hlægileg.

Þó Sauðkindin sé tiltölulega nýköknuð af löngum dúr skortir hana hvorki sjálfstraust né metnað. Metnaður er mikilvægur í öllu sem fólk tekur sér fyrir hendur, því hvar værum við án hans? Á sama stað og í gær.

Vaxtarbroddur íslenzks leikhússlífs felzt ekki einungis í ungum leikstjórum. Hann er ekki síður í ungu fólki með nýjar hugmyndir og áherzlur, metnaðarfullu fólki sem ekki tekur sjálft sig alltof hátíðlega.

Heimir Viðarsson

Nýjar bækur

● ***UPPLÝSINGALÖGIN kennsluritið*** eftir ***Pál Hreinsson*** lögfræðing og ***Upplýsingalögin ásamt greinargerð*** í tilefni af gildistöku laganna hinn 1. janúar síðastliðinn eru komin út.



Páll Hreinsson

Í kennsluritinu er farið yfir gildissvið upplýsingalaga samkvæmt efni sínu og gagnvart öðrum lögum, gerð grein fyrir meginreglu laganna um rétt almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum og þeim takmörkunum og undanþágum sem hún sætir. Farið er yfir sérstakar reglur um málsmeðferð samkvæmt upplýsingalögum og málskot til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem er nýtt kærustig í stjórnkerfinu og er sérstaklega ætlað að leysa úr ágreiningsmálum vegna synjana um aðgang að upplýsingum.

Höfundur kennsluritsins er sérstakur aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis og átti jafnframt sæti í nefnd þeirri er forsætisráðherra skipaði til þess m.a. að semja frumvarp til upplýsingalaga.

Í hinu ritinu hefur frumvarp það er varð að upplýsingalögum verið fært í búning handbókar þannig að fremst birtast almennar athugasemdir við frumvarpið, þaðan í frá athugasemdir við einstaka kafla í upphafi hvers þeirra um sig og innan þeirra lagaákvæðin ásamt viðeigandi athugasemdum á víxl. Við athugasemdirnar er aukið skýringum allsherjarnefndar Alþingis þar sem við á svo og þeim hluta frumvarpsins.

Útgefandi er forsætisráðuneytið. Ríkiskaup, Borgartúni 7 í Reykjavík, annast dreifingu bókanna.

HAFNFIRÐINGAR OG NÁGRANNAR!
ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM!
20-50% AFSLÁTTUR
adidas NIKE VENICE BEACH RUSSELL ATHLETIC
Fjölsport s: 565 2592
Fjörður, Hafnarfirði.